



Aðildarfélag KSÍ  
b.t. formanna/framkvæmdastjóra

Reykjavík, 8. desember 2023

Reglugerð KSÍ um knattspyrnuleikvanga – Ljósleiðari  
Reglugerð KSÍ um knattspyrnumót – Flutningur liða á milli deilda

Ágætu félagar.

Á fundi stjórnar KSÍ þann 7. desember sl. voru samþykktar breytingar á reglugerð KSÍ um knattspyrnuleikvanga annars vegar og reglugerð KSÍ um knattspyrnumót hins vegar. Um ræðir breytingar m.a. tilkomnar vegna samþykktá á ársþingi KSÍ 25. febrúar 2023. Breytingar á reglugerð KSÍ um knattspyrnumót miða við að reglur um flutning liða á milli deilda séu samræmdar.

Eftirfarandi er yfirlit yfir breytingar á texta í reglugerðum:

Það sem samþykkt hefur verið að falli inn í reglugerð er **rauðmerkt**.  
Það sem samþykkt hefur verið að fella út úr reglugerð er ~~yfirstríkað~~.

## REGLUGERÐ KSÍ um knattspyrnuleikvanga

### Kafla 3: Aðstaða fyrir fjölmiðla

#### Grein 32 – Staðsetning sjónvarpsmyndavéla

32.1 Flokkar A, **B og C** og ~~B~~: Einn pallur fyrir aðalmyndavél skal vera fyrir miðjum leikvangi helst gegnt aðalstúku. Hann skal vera nógu hátt yfir vellinum til að tryggja sem besta mynd. Gera þarf ráð fyrir að a.m.k. tvær myndavélar komist fyrir á pallinum. **Pallur fyrir aðalmyndavél skal útbúinn nauðsynlegum tengingum fyrir rafmagn og ljósleiðara/ljósnet.** Aðalmyndavél skal staðsetja í beinni línu frá miðlínu vallarins og hæðin skal helst mynda 15-20 gráðu horn við miðpunkt vallarins, miðað við láréttan flöt. Reynt skal að búa þannig um aðalmyndavélar að þær vísi ekki í sólarátt og þær séu helst sömu megin og básar sjónvarpsþula. Mælt er ákveðið með því að frekari uppsetning tæknibúnaðar verði skilgreind og skipulögð með sérfræðingum sjónvarpsstöðva.

Til skýringar:

UEFA gerir ráð fyrir að pallur fyrir aðalmyndavél sé í aðalstúku, en hefur samþykkt fyrirkomulag KSÍ. UEFA gerir kröfur um að í vallaflökki 1 sé pallurinn a.m.k. 4 m<sup>2</sup> stór, í vallaflökki 2 sé hann 6 m<sup>2</sup> og í vallaflökki 3 sé hann 10 m<sup>2</sup>.

#### Grein 33 – Blaðamannastúka

33.1 Flokkar A, **B og C** og ~~B~~: Fréttamannastúka skal vera til staðar, helst í miðri aðalstúku, og undir þaki. Staðsetning skal vera sem best og aðeins heiðursstúka skal vera betur staðsett. Þar skal sjá fyrir góðri lýsingu og nauðsynlegum tengingum og gjarnan hita.

- 33.1.1 Hún skal útbúin góðum sætum og borð skulu útbúin **nauðsynlegum tengingum fyrir rafmagn og ljósleiðara/ljósnet.** ~~með rafmagns-, net- og símatengingum.~~
- 33.1.2 Borð skulu vera nægilega stór svo að fartölva og minnisblokk komist þar fyrir.
- 33.1.3 Í flokki A er gerð krafa um 50 sæti í blaðamannastúku og þar af 25 með borði, en í flokki B er krafa um 10 sæti og öll með borði.
- 33.2 Auðvelt aðgengi skal vera til og frá annarri aðstöðu fjölmiðlamanna, s.s. að vinnuherbergi fjölmiðla eða herbergi fyrir fundi með fréttamönnum.

### Grein 34 – Sjónvarps- og útvarpsþulir

- 34.1 **Flokkar A, B og C:** Básar fyrir sjónvarpsþuli og útvarpsþuli skulu vera fyrir miðjum velli helst gegnt aðalstúku, sömu megin og aðalmyndavélarnar, undir þaki frekar en inni, og auðvitað með góðu útsýni yfir leikvöllinn. Plexigler eða annar álíka búnaður skal aðskilja þularbása frá áhorfendum þar sem við á. Í hverjum bás skal vera borð til skrifta o.fl., básinn vel upplýstur, og loks aðgangur að símatengi. Í básnum skal vera pláss fyrir 3 sæti. **Básar fyrir sjónvarpsþuli og útvarpsþuli skulu útbúin nauðsynlegum tengingum fyrir rafmagn og ljósleiðara/ljósnet.**
- 34.2 Flokkur A: Gerð er krafa um a.m.k. 8 bása.
- 34.3 Flokkur B: Gerð er krafa um a.m.k. 2 bása.
- 34.4 Flokkur C: Gerð er krafa um a.m.k. 1 bás.**

Til skýringar:

UEFA gerir kröfu um 2 bása í vallaflokki 1, 5 í vallaflokki 2 og 25 í vallaflokki 3.

### Grein 35 – Svæði fyrir útsendingarbíla

- 35.1 ~~Flokkar A, B og C og B:~~ Í samráði við ~~reynda~~ sjónvarpsmenn skal útbúa svæði fyrir útsendingarbíla. Á þessu svæði skal vera nægilegt pláss fyrir flutningabíla sjónvarpsstöðva vegna útsendingar. Gæta þarf þess að kaplar þvælist ekki fyrir leikmönnum/dómurum/ áhorfendum og að fullnægjandi öryggisgæsla sé við útsendingarbíla. **Svæði fyrir útsendingarbíla skal útbúið nauðsynlegum tengingum fyrir rafmagn og ljósleiðara/ljósnet.**

Til skýringar:

UEFA gerir kröfur um að svæði útsendingarbíla sé í vallaflokki 1 a.m.k. 100 m<sup>2</sup>, í vallaflokki 2 a.m.k. 200 m<sup>2</sup> og í vallaflokki 3 a.m.k. 1000 m<sup>2</sup>.

### Grein 36 – Herbergi fyrir fréttamannafundi

- 36.1 Flokkar A og B:  
Leikvangur verður að hafa herbergi þar sem hægt er að halda fréttamannafund. Í flokki A skal vera pláss fyrir a.m.k. 50 sæti, en í flokki B a.m.k. 20 sæti. **Herbergi skal útbúið nauðsynlegum tengingum fyrir rafmagn og ljósleiðara/ljósnet.**

Til skýringar:

UEFA gerir eftirfarandi kröfur:

Vallaflokkur 1: Samnýta má herbergi þar sem vinnuástaða fréttamanna er.

Vallaflokkur 2: A.m.k. eitt herbergi með pláss fyrir 50 stóla. Herbergið skal útbúið með palli fyrir sjónvarpsvélar, sviði með borði og stólum og hljóðkerfi með fleiri en einni rás.

Vallaflokkur 3: A.m.k. eitt herbergi með pláss fyrir 75 stóla og útbúnaði eins og í vallaflokki 2.

### Grein 37 – Vinnuástaða fjölmiðla

- 37.1 Flokkar A, B og C ~~og B:~~ Leikvangur skal hafa a.m.k. eitt herbergi þar sem fjölmiðlamenn geta haft vinnuástöðu. Það skal útbúið borðum og nauðsynlegum tengingum fyrir rafmagn, **og ljósleiðara/ljósnet** ~~og síma.~~

Til skýringar:

Ekki er gerð krafa um þetta í leikjum á vegum KSÍ, en UEFA gerir eftirfarandi lágmarkskröfur um stærð: Vallaflokkur 1 - 50 m<sup>2</sup>, vallaflokkur 2 - 100 m<sup>2</sup> og vallaflokkur 3 - 150 m<sup>2</sup>.

---

## Greinargerð:

Á ársþingi KSÍ 2023 var eftirfarandi tillaga samþykkt ([þingskjal 13](#)):

„Ársþing KSÍ samþykkir að sett verði inn ákvæði í reglugerð um knattspyrnuleikvanga að allir leikvellar í tveimur efstu deildum karla og kvenna séu tengdir ljósleiðaratengingum og verði félögum veitt aðlögun til keppnistímabilsins 2024 til þess að verða við þessum breytingum.“

Í greinargerð sem fylgir tillögunni segir að eðlilegt sé að allir leikvellar í efstu deildum séu tengdir ljósleiðaratengingum þegar auknar kröfur eru gerðar um framleiðslu á leikjum fyrir sjónvarpsútsendingar o.fl. og leikirnir eru söluvara á bæði innlendum og erlendum vettvangi.

---

## REGLUGERÐ KSÍ um knattspyrnumót

### 23. grein - Meistaraflokkur karla

23.1.11 **Sé þátttökutilkynning liðs ekki tekin gild eða** Ef lið dregur sig úr eða er vísað úr keppni af öðrum ástæðum, má það hefja þátttöku í **neðstu** ~~Ut~~andeild á næsta leikári. Ef um er að ræða lið í efstu deild, 1., 2., 3., 4. eða 5. deild, skal almenna reglan vera að liðið í 3. sæti næstu deildar fyrir neðan flytjist upp um deild, ella liðið sem varð í **næst** neðsta sæti sömu deildar árið áður, o.s.frv. Í 1. deild karla skal miðað við að það lið sem tapar umspili um laust sæti í efstu deild, sbr. gr. 23.1.8.2., flyst upp um deild við þær aðstæður sem lýst er í 1. og 2. málslíð. Ef ~~slíkt er~~ þátttökuleysi liðs er afleiðing þess að þátttökuleysi hefur ekki verið veitt eða dregið til baka samkvæmt leyfiskerfi KSÍ, skal þó farið eftir ~~næstu~~ grein, 23.1.12.

23.1.12 Ef félag **sem uppfylla þarf ákvæði leyfisreglugerðar KSÍ fær ekki útgefið þátttökuleysi** fær ekki viðeigandi stig af þátttökuleysi í hefðbundnu umsóknarferli skv. leyfiskerfi KSÍ skal fara með flutning liða milli deilda og þátttöku þeirra í Íslandsmótinu samkvæmt eftirfarandi:

- Leyfisumsækjandi í efstu deild, sem ekki hlýtur þátttökuleysi, skal leika í 1. deild á leyfistímabilinu/keppnistímabilinu ef hann uppfyllir skilyrði til þátttökuleysis í 1. deild, en ella taka sæti í 2. deild. Leyfisumsækjandi í 1. deild, sem ekki hlýtur þátttökuleysi, skal leika í 2. deild á keppnistímabilinu.
- Ef sæti losnar í efstu deild vegna þess að umsókn um þátttökuleysi var hafnað skal **fara með flutning liðs í efstu deild, skv. gr. 23.1.11., liðið, sem féll úr deildinni árið áður** og var í næstneðsta sæti, taka lausa sætið ef það uppfyllir skilyrði til þátttökuleysis í efstu deild á leyfistímabilinu, ella liðið sem varð í **næst** neðsta sæti sömu deildar á síðasta leiktímabili, og síðan **stigahæsta liðið á síðasta leiktímabili í 1. deild karla að lokinni tvöfaldri umferð sem ekki hefur tryggt sér laust sæti í efstu deild** varð í 3. sæti í 1. deild, o.s.frv.
- Ef sæti losnar í 1. deild vegna þess að umsókn um þátttökuleysi var hafnað skal **fara með flutning liðs í efstu deild, skv. gr. 23.1.11., liðið, sem féll úr deildinni árið áður** og var í næstneðsta sæti, taka lausa sætið ef það uppfyllir skilyrði til þátttökuleysis í 1. deild, ella liðið sem varð í **næst** neðsta sæti **sömu deildar árið áður**, og síðan liðið sem varð í ~~43.~~ sæti í 2. deild, o.s.frv.

### 29. grein - Meistaraflokkur kvenna

29.1.7 **Sé þátttökutilkynning liðs ekki tekin gild,** Ef lið dregur sig úr eða er vísað úr keppni af öðrum ástæðum, má það hefja þátttöku í **neðstu** ~~2.~~ deild á næsta leikári. Ef um er að

ræða lið í efstu deild eða 1. deild, skal almenna reglan vera að liðið í 3. sæti næstu deildar fyrir neðan flyst upp um deild. Ef þáttökuleysi liðs ~~skil~~ er afleiðing þess að þáttökuleyfi hefur ekki verið veitt eða dregið til baka samkvæmt leyfiskerfi KSÍ skal þó farið eftir grein 29.1.8.

29.1.8 Ef félag sem uppfylla þarf ákvæði leyfisreglugerðar KSÍ fær ekki útgefið þáttökuleyfi skal fara með flutning liða milli deilda og þáttöku þeirra í Íslandsmótinu samkvæmt eftirfarandi:

- a. Leyfisumsækjandi í efstu deild, sem ekki hlýtur þáttökuleyfi, skal leika í 1. deild á leyfistímabilinu/keppnistímabilinu.
- b. Ef sæti losnar í efstu deild vegna þess að umsókn um þáttökuleyfi var hafnað skal fara með flutning liðs í efstu deild, skv. gr. 23.1.11., ~~liðið, sem féll úr deildinni árið áður og var í næstneðsta sæti, taka lausa sætið ef það uppfyllir skilyrði til þáttökuleyfis í efstu deild á leyfistímabilinu, ella liðið sem varð í næst neðsta sæti sömu deildar árið áður, og síðan liðið sem varð í 43. sæti í 1. deild, o.s.frv.~~

### 31. grein - 3. flokkur kvenna

31.1.5 Einnig skal vera sjálfstæð keppni í 3. aldursflokki B liða sem ber nafnið 3. flokkur B. Leitast skal við að B liðin leiki við sömu andstæðinga og A liðin. Útkoma liða í 3. flokki B hefur engin áhrif á 3. flokk A. Leikmenn sem leikið hafa í A-liði í eldri aldursflokki eru óhlutgengir.

---

#### Greinargerð:

Breytingar á reglugerð um knattspyrnumót voru unnar af laga- og leikreglanefnd m.a. eftir tillögur að úrbótum frá mótanefnd KSÍ. Samþykktar breytingar gera það að verkum að reglur um tilfærslur liða á milli deilda hafa verið samræmdar. Áður höfðu reglur verið misjafnar eftir því hvort um sé að ræða tilfærslu liða á milli deilda vegna ástæðna er tengjast leyfiskerfi KSÍ gagnvart tilfærslu liða á milli deilda af öðrum ástæðum.

Breyting sem samþykkt hefur verið á grein 31 var unnin af laga- og leikreglanefnd að tillögu mótanefndar KSÍ.

---

Ef frekari upplýsinga er óskað þá vinsamlegast hafið samband við undirritaðan.

Haukur Hinriksson

Haukur Hinriksson,  
yfirlögfræðingur hjá KSÍ